

Miðvikudaginn 30. apríl 1947.

Nr. 117/1945. **Fritz Berndsen**

gegn

Bergi Hallgrímssyni.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fritz Berndsen, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. maí 1947.

Nr. 112/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Hermann Jónasson)

gegn

Bjarna Péturssyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Neyzla áfengis við akstur bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Háttsemi kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, varðar við 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. nefndra laga ber og að svipta kærða ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Það athugast, að bifreiðaeftirlitsmaður sá, er í málinu

greinir, hlutaðist ekki til um það, að kærða væri tekið blóð til rannsóknar. Þá hefur héraðsdómari hvorki yfirheyrt vitni nógu rækilega um áfengisneyzlu kærða né um það, hvort áfengisáhrifa hafi gætt í fari hans. Héraðsdómara bar og að spyrja kærða um drykkju hans kvöldið og nóttina áður en umrædd atvik gerðust.

Dómsorð:

Kærði, Bjarni Pétursson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði skal ævilangt sviptur rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónasonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3. apríl 1946.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Péturssyni, bifreiðarstjóra í Borgarnesi, fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og áfengislögum nr. 33 frá 1935.

Tildrög málsins eru þau, að sunnudaginn 2. september 1945 keyrði kærði Bjarni Pétursson bifreiðina M 16 úr Borgarnesi og ætlaði suður á Akranes. Farþegar í bifreiðinni hjá honum voru: Þorsteinn Helgason, Ólafur Auðunsson, Sigfús Pétursson, allir úr Borgarnesi, og 2 stúlkur frá Akranesi. Vegna aðgerða á brú hjá Ferjukoti, varð kærði að keyra upp á efri Hvitárbrú, og er komið var suður fyrir Hvitá, sá ferðafólkið, að það mundi eigi ná í söngskemmtun þá, er það ætlaði á á Akranesi, og stanzaði þá í Hvitárvallaskála og ákvað að fara í þess stað á dansskemmtun við Ölvi, er halda átti um kvöldið. Meðan stanzað var í Hvitárvallaskála, tók kærði upp brennivinsflösku, er hann hafði með sér, og bauð

fólkinu snaps, en enginn þáði hann, og var því flaskan eigi opnuð. Að skemmtistaðnum við Ölvi var komið kl. rúmlega 4 e. h. Stöðvaði kærði þar bifreiðina á mel neðan við hliðið að skemmtistaðnum. Föru farþegarnir, er með honum voru, inn á skemmtisvæðið, en kærði ranglaði um fyrir utan hliðið. Um kl. 8 flutti kærði bifreiðina frá hliðinu og aftast í bílaröðina á melnum. Settust þá inn í bifreiðina hjá honum Kristleifur Jónsson frá Borgarnesi, Pétur Jónsson frá Varmalæk, Gunnar Jónsson, bifreiðarstjóri í Borgarnesi, og Sigfús Pétursson frá Borgarnesi, bróðir kærða. Tók kærði þá upp af nýju brennivinsflöskuna, er hann hafði með sér, og drukku þeir úr henni: kærði, Pétur og Sigfús. Viðurkennir kærði að hafa drukkið þarna 3 snapsa úr flöskunni. Segir hann, að þeir hafi drukkið niður í tæplega miðja flöskuna, og er það einnig vottað af þeim Sigfúsi og Gunnari. Meðan þeir sátu þarna í bílnum og drukku áfengi þetta, keyrði fram hjá þeim að skemmtistaðnum Bergur Arnbjörnsson bifreiðaeftirlitsmaður. Rétt á eftir keyrði kærði bifreiðina M 16 eftir melnum að hliðinu á skemmtistaðnum, og telur bifreiðaeftirlitsmaðurinn, að sú vegalengd, er kærði keyrði þá, hafi verið 150—200 metrar. Er að hliðinu kom, fór kærði út úr bílnum og fór að tala við bifreiðaeftirlitsmanninn.

Eftirlitsmaðurinn kveðst hafa séð, er kærði talaði við hann, að hann var drukinn, og hafa fundið af honum áfengislykt. Kveðst hann þá hafa borið upp á kærða, að hann væri ölvaður, og talað um að fara með hann til Akraness og láta taka þar sýnishorn af blóði hans. Hafi kærði í fyrstu neitað, að hann væri ölvaður, en er tilrætt var um að fara með hann til Akraness, hafi hann viðurkennt ölvun sína. Kveðst eftirlitsmaðurinn þá hafa sagt, að hann skyldi hætta við Akranesferðina, ef kærði viðurkenndi það undir votta, að hann hefði verið að keyra bifreiðina M 16 ölvaður. Tilnefndi eftirlitsmaðurinn sem votta þá: Magnús Gunnlaugsson, bifreiðarstjóri frá Akranesi, Gunnar Jónsson og Sigfús Pétursson, og segir, að kærði hafi sagt, svo þeir heyrðu, að hann hefði keyrt bifreiðina ölvaður.

Síðan kærði eftirlitsmaðurinn kærða fyrir sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fyrir að hafa keyrt bifreið ölvaður.

Kærði viðurkennir, að bifreiðaeftirlitsmaðurinn hafi, er hann talaði við hann fyrir utan hliðið, borið sér á brýn, að hann væri ölvaður, og talað um að fara með sig til Akraness til blóðrannsóknar. Kveðst hann hafa sagt eftirlitsmanninum frá því, að hann hefði neytt áfengis í bílnum, og spurt, hvort eigi væri nóg, að hann viðurkenndi fyrir honum og vitnum, að hann hefði neytt áfengis, og þá viðurkenningu kveðst hann hafa gefið. Hinu neitar hann eindregið, að hafa viðurkennt að hafa keyrt bifreiðina ölvaður, enda segir hann, að fjarri lagi sé, að hann hafi verið undir áhrifum

áfengis eða ölvaður af þeim 3 snöpsum, er hann drakk í bifreiðinni. Eftir orðaskipti sín við eftirlitsmanninn kveðst kærði hafa farið inn í bifreið sína og sofið þar til kl. 3 um nóttina, að keyrt var á stað heimleiðis. Keyrði Ólafur Auðunsson bifreiðina að Seleyri, en kærði þaðan til Borgarness.

Vitnið Magnús Gunnlaugsson kveður kærða hafa lýst því yfir við bifreiðaeftirlitsmanninn, að hann hefði keyrt bifreið sína ölvaður. Vitnið Gunnar Jónsson kveðst líta svo á, að kærði hafi játað fyrir bifreiðaeftirlitsmanninum að hafa keyrt ölvaður, en kveðst þó eigi þora að fullyrða, að orð hans hafi fallið á þann veg, en eigi á þann veg, að hann hafi drukkið áfengi. Loks kveðst vitnið Sigfús Pétursson hafa heyrt kærða segja við bifreiðaeftirlitsmanninn, að hann hefði drukkið áfengi, en eigi heyrt hann tala um, að hann hefði keyrt bifreiðina ölvaður.

Rétturinn verður að líta svo á, að þar sem engin áfengisákvörðun á blóði kærða fór fram og eigi er sannað, að hann hafi neytt annars áfengis en þeirra 3 snapsa, er hann játaði að hafa drukkið í bifreiðinni, verði eigi talið sannað, að hann hafi keyrt bifreið ölvaður. Hins vegar er það viðurkennt af kærða, og sannað af framburði vitna, að hann hefur neytt áfengis í bifreið sinni og keyrt bifreiðina rétt á eftir.

Kærði er fæddur 2% 1915. Hinn 13/10 1938 var hann með dómi lögregluréttar Strandasýslu dæmdur í 100 kr. sekt og til að missa bifreiðarstjóraréttindi í 3 mánuði. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Með atferli sínu hefur kærði brotið 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500 kr. sekt í rikissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún eigi er greidd. Þá ber að svipta hann rétti til að stýra bifreið í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til að greiða allan sakarkostnaðinn.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Bjarni Pétursson, bifreiðarsjóri í Borgarnesi, greiði 500 — fimm hundruð — króna sekt í rikissjóð, og komi 5 — fimm — daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur rétti til að stýra bifreið í 1 — eitt — ár frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði hann allan sakarkostnaðinn.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.